



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR

Alþingi
Erindi nr. P 133/235
komudagur 23. 11. 2006

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8 – 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. nóvember 2006

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 99/1999, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum, 266. mál.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins gerir ekki athugasemd við meginefni frumvarpsins. Nýsköpunarsjóður vill þó benda á að 9. töluliður 5. greinar frumvarpsins sem getur um greiðsluskyldu hans til Fjármálaeftirlitsins samræmist ekki frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins nr. 61/1997, með síðari breytingum, 279. mál. Samkvæmt því frumvarpi er Fjármálaeftirlitinu ekki ætlað að vera eftirlitsaðili með Nýsköpunarsjóði og þar með er ekki eðlilegt að sjóðurinn greiði eftirlitgjald til þess.

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins